



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Sprettis 15. október 2024, fundur hófst kl 18:00.

Staður: Fundarherbergi Samskipahöllin

Mættir eru: Jónína Björk Vilhjálmsdóttir, Katla Gísladóttir, Davíð Áskelsson, Sigurbjörn Eiríksson, Hermann Vilmundarson, Lárus Sindri Lárusson, Haraldur Pétursson, Þórunn Sigurðardóttir, Þórdís Gylfadóttir.

1. Sjálfbærninefnd

6 fulltrúar sjálfbærninefndarinnar komu í heimsókn og fóru yfir starf nefndarinnar. Jónína var með inngang og nefndi að hún og Katla hefðu farið á fund bæjarstjórnar í dag. Svo tók Sigurður, formaður nefndarinnar til máls og dreifði samantekt um starf nefndarinnar. Mestur tími nefndarinnar síðustu vikur hefur farið í taðmálið og ekki er séð fyrir endann á því. Áætlað er að um 7.000 tonn af taði falli til á ári í Spretti og því mikilvægt að finna farsæla lausn.

Nefndin fór um svæðið til að finna mögulega staði fyrir uppbyggingu, svæði sem hægt væri að taka í fóstur og standa að góðri uppbyggingu. Fleiri hugmyndir voru ræddar og vill nefndin halda þessu starfi áfram.

Í nýja hverfinu í Garðabæ verður leyfilegt að vera með taðþær, það væri skynsamlegt að kynna sér skipulagið á nýja hverfinu og mögulega er þar eitthvað sem má yfirfæra yfir á nýjasta svæðið í Kópavogi. Fram kom að golfvellirnir GKG og Oddfellow eru tilbúnir til að taka við einhverju taði til uppbyggingar á þeirra svæðum.

Það er komin tillaga sem lögð verður fyrir Landsþing LH um að fá LH til að beita sér í taðmálinu, styðja hestamannafélögin í viðræðum við sveitarfélögin og Sorpu. Nefndin hefur unnið mikið og gott starf og voru þeim færður bestu þakkir fyrir.

2. Fjármál félagsins

Farið yfir fjármál félagsins og rætt um virðisaukaskattmál sem hefur verið í vinnslu í haust. Það er tekið að skýrast og niðurstaðan ætti að liggja fyrir um miðjan nóvember.

3. Reiðmaðurinn – staða

Fundur var haldinn og búið er að leysa öll útistandandi mál. Keppnisnámskeið verður á miðjum virkum degi.

4. Yfirþjálfari

Foreldrafundur var í síðustu viku og mikill hugur í fólki, ma. er búið að ákveða aðra utanlandsferð til Svíþjóðar. Rætt var um námskeiðahald fyrir yngri kynslóðina, hvatningaverðlaun ofl.

Öflug fræðslunefnd er tekin til starfa, Þórdís er búin að hitta nefndina sem búin er að hitta aðra fræðslunefndir á höfuðborgarsvæðinu og drög komin að fyrsta viðburði.

Samdráttur virðist vera í námskeiðahaldi hjá hestamannafélögunum á þessu hausti, ekki komið hjá Spretti ennþá.

5. Dagsetning í Samskiphöll

Kvennatölt er staðfest 12 apríl. Senda þarf Töltgrúppunni svar með tillögu að tíma í höllinni.

Stóðhestaveislan hefur óskað eftir 5 apríl.
Rætt var um öryggismál í tengslum við viðburði.

6. **Uppskeruhátíð – næstu skref**

Farið yfir stöðuna.

7. **Landsþing**

Rætt um undirbúningsfund og þáttökulistann. Katla og Jónína eru með málið í vinnslu.

8. **Stigahæstu knapar ársins**

Setja frétt um málið á miðla Spretts, ákveðið að búa til eitt form fyrir árangur sem allir fylla út. Skilafrestur er til og með 27 október.

9. **Önnur mál**

Aðeins rætt um þátttöku sjálfboðaliða í starfi Spretts, ma. mikilvægi þess.

Fundi slitið kl. 21:30

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson